

Námsvísir fyrir unglíngadeild

Veturinn 2024 – 2025

Námsvísir – Unglingadeild

Umsjónarkennarar eru:

Berglind Bergsdóttir og Eyrún Sif Ólafsdóttir

Aðrir kennarar sem kenna eru:

Helena Bergström – myndmennt, smíði og val

Erna Rafnsdóttir – textíl - Heimilisfræði

Katrín Rós Sigvaldadóttir – danska

Sigurður Þ. Sigurþórsson - sundkennsla

Sólrún Sigbórsdóttir - íþróttir, stærðfræði, þema

Sigrún Vigdís Gylfadóttir - danska, sérkennsla

Nemendur á unglíngastigi eru einn námshópur með tvo umsjónarkennara sem mynda teymi sem kemur að kennslu þessa hóps. Stuðningsfulltrúar og sérkennari koma einnig að kennslu og stuðningi við nokkra nemendur.

Áhersla er lögð á að auka sjálfstæði og ábyrg vinnubrögð nemenda, að nemendur fái aukið námsval og að þeir aðstoði hvern annan þegar við á. Nemendur hafa aðgang að fartölvu og geta leitað sér upplýsinga um það sem þeir eru að fást við hverju sinni.

Dagsskipulag:

Kennsla hefst klukkan 8:10, með mismunandi viðfangsefnum.

Morgunmatur er klukkan 8.50-9.00.

Frímínútur 10:10 til 10:30 með ávaxtastund í upphafi. Hádegishlé er 12:30 til 13:00. Skóla lýkur klukkan 13:20, heimkeyrsla 13:30.

Áherslur og námsmenning:

Uppbygging til ábyrgðar, grænfánaskóli með áherslu á umhverfismennt, teymiskennsla (samvinna), einstaklingsmiðað nám, námsaðlögun, fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiðsagnarmat, foreldrasamstarf.

Einstaklingsmiðað nám

Stuðst er við einstaklingsmiðað nám í Heiðarskóla. Þar fá nemendur nám við hæfi hvers og eins þar sem nálgunin er fjölbreytt. Nemendur vinna á sínum námshraða og þar af leiðandi eru nemendur ekki á sama stað í námsefninu. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum. Hóparnir byggjast ýmist á samvinnu eða eru getuskiptir. Við vinnum mikið í þemum og rík áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Í þemavinnu gefst nemendum kostur á skapandi vinnu þar sem að nemandinn fær tækifæri til þess að láta sköpunargleðina ráða ríkjum. Hópa vinna er notuð í því skyni að þjálfar nemendur í samskiptum, tillitssemi og í að virða skoðanir annarra. Nemendur fá þjálfun í framsögn og að segja frá verkefnum sínum. Auk þess fá nemendur þjálfun í meðferð heimilda, t.d. að sækja sér heimildir á internetið, færni í ritvinnslu og aukningu í skriftarhraða.

Stærðfræði og íslenska er kennd í einum námshóp sem stundum er skipt í minni hópa eftir bekkjum. Reynt verður að aðlaga námsefni sem best að þörfum hvers og eins og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Aðrar námsgreinar eins og enska, samfélagsfræði, náttúrufræði, trúarbragðafræði ásamt íslensku eru kennd í þemum. Lífsleikni.....

Þema:

Heimanám:

Námsmat:

Námshættir

Íslenska

8. - 10. bekkur

Við lok 10. bekkjar á nemandi geti nemandi:

Talað mál, hlustun og áhorf

- flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,
- gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,
- nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,
- hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,
- nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,
- átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Námsefni/námsleiðir: Einu sinni í viku eru umræðufundir, þar sem nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri, stundum fyrirfram ákveðið efni, stundum fá þau að velja. Nemendur kynna verkefni sín fyrir námshópnum, þeir koma fram á skólaskemmtunum og fá fleiri tækifæri til að standa fyrir framan námshóp og kennara og flytja munnlegt efni.

Námsmat: Frammistaða nemenda við flutning er metin jafnóðum. Virkni og þátttaka nemenda á umræðufundum er metin.

Lestur og bókmenntir

- lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað,
- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi,
- og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,
- greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða,
- gert sér grein fyrir eðli og ein kennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því,
- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,

- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð, • notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,
- leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverð og leika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess,
- unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér,
- valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Námsefni/námsleiðir: Markmiðið er að nemendur lesi heima fimm sinnum í viku. Í skólanum lesa þau í hljóði tvo til þrjá morgna í yndislestri. Að auki er lesinn texti í námsbókum og á neti. Nemendur lesa fyrimæli í námsefninu sér til skilnings.

Námsmat: Lesfimipróf og lesskilningspróf. Heimalestur er einnig metinn.

Ritun

- skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær,
- beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun,
- beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,
- valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa við komandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,
- notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,
- skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.

Námsefni/námsleiðir: Nemendur skrifa bæði stutta texta sem og lengri. Einnig er ritgerðarskrif, bæði heimildarritgerð og kjörbókarritgerð. Áhersla lögð á skipulega uppbyggingu textans, upphaf miðju og endi. Einnig farið í það hvernig mismunandi stíll hentar mismunandi efni.

Námsmat: Textar nemenda skoðaðir og metnir. Farið yfir ritgerðir og gefnar uppbyggilegar umsagnir sem og einkunn. Einnig er farið yfir stafsetningu og málfar.

Málfræði

- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess,

- valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,
- flett upp í handbókum, orða söfnum og rafrænum orða bönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,
- notað fleyg orð, algeng orð tók, málshætti og föst orða sambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni,
- gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna,
- áttað sig á skyldleika ís lensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við ný yrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,
- gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Námsefni/námsleiðir: Stuðst við vinnubækur og lesbækur þar sem farið er yfir helstu atriði málfræðinnar. Þar má nefna, Kveikjur, Neisti og Logar. Málið í mark. Málvísir.

Námsmat: Próf í lok vor- og haustannar.

Stærðfræði 8. bekkur

Stærðfræði er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Einnig er stærðfræðin ómetanlegur grundvöllur undir allt nám tengt náttúruvísindum, raunvísindum og fjármálum í síbreytilegu tæknivæddu umhverfi.

Stærðfræðin er kennd í 5 kennslustundum á viku og vinna nemendur í lotukerfi sem byggir á bókunum Skala 1A og 1B. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum, sem þeir fá afhentar á pappír en þær er einnig að finna á Moodle svæði skólans. Í upphafi hvernar viku fá nemendur innlögn í viðfangsefnum vikunnar.

Námsmarkmið:

Nemandi getur:

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra á einfaldan hátt.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Notað stærðfræði af nokkru öryggi til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi.
- Kynnst mikilvægi skriflegra útreikninga.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.
- Kynnst dæmum um möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.
- Lesið og rætt af nokkru öryggi um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Tölur og reikningur

- Af nokkru öryggi notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með skriflegum útreikningum.
- Kynnst því að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
- Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Notað tugakerfisríthátt af nokkru öryggi.
- Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá tengsl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á einföldum jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. Með því að nota áþreifanlega hluti eða teikningar..

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði af nokkru öryggi, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Námsefni:

Skali 1A og 1B, unnið samkvæmt lotukerfi í 8 lotum

Rasmus.is - námsvefur í stærðfræði

Kennslumyndbönd á Youtube

Námsmat:

Nemendur vinna í lotukerfi og vinna námsmatsverkefni í lok hversrar af 8 lotum. Því er um símat að ræða. Námsmatsverkefnin eru metin út frá matsviðmiðum Aðalnámskrár (þeirra sem við á hverju sinni) og fyllt er inn í hæfnikort nemenda.

Stærðfræði 9. bekkur

Stærðfræði er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Einnig er stærðfræðin ómetanlegur grundvöllur undir allt nám tengt náttúruvísindum, raunvísindum og fjármálum í síbreytilegu tæknivæddu umhverfi.

Stærðfræðin er kennd í 5 kennslustundum á viku og vinna nemendur í lotukerfi sem byggir á bókunum Skala 2A og 2B. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum, sem þeir fá afhentar á pappír en þær er einnig að finna á Moodle svæði skólans. Í upphafi hversrar viku fá nemendur innlögn í viðfangsefnum vikunnar.

Námsmarkmið:

Nemandi getur:

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- Notað af nokkru öryggi hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Kynnst mikilvægi skriflegra útreikninga.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Tölur og reikningur

- Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.

Heiðarskóli stærðfræði 8. bekkur - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs.
- Notað tákniál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá tengsl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á einföldum jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. Með því að nota ápreifanlega hluti eða teikningar..

Heiðarskóli stærðfræði 9. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Af nokkru öryggi sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Leyst stærðfræðiþrautir af nokkru öryggi sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

Heiðarskóli stærðfræði 9. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða tákniáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.

- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölur.

Heiðarskóli stærðfræði 9. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.
- Séð ýmsa möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Heiðarskóli stærðfræði 9. bekkur - Tölur og reikningur

- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með vasareikni.
- Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.

Heiðarskóli stærðfræði 9. bekkur - Algebra

- Notað tákni til stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá tengsl eins og jöfnuð og röð.

Heiðarskóli stærðfræði 9. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.

Námsefni:

Skali 2A og 2B, unnið samkvæmt lotukerfi í 6 lotum

Rasmus.is - námsvefur í stærðfræði

Kennslumyndbönd á Youtube

Námsmat:

Nemendur vinna í lotukerfi og vinna námsmatsverkefni í lok hverrar af 6 lotum. Því er um símat að ræða. Námsmatsverkefnin eru metin út frá matsviðmiðum Aðalnámskrár (þeirra sem við á hverju sinni) og fyllt er inn í hæfnikort nemenda.

Stærðfræði 10. bekkur

Stærðfræði er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf og störf og skilja umheim sinn. Einnig er stærðfræðin ómetanlegur grundvöllur undir allt nám tengt náttúruvísindum, raunvísindum og fjármálum í síbreytilegu tæknivæddu umhverfi.

Stærðfræðin er kennd í 5 kennslustundum á viku og vinna nemendur í lotukerfi sem byggir á bókunum Skala 3A og 3B. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum sem er að finna á Moodle svæði skólans. Í upphafi hverrar viku fá nemendur innlögn í viðfangsefnum vikunnar.

Námsmarkmið:

Nemandi getur:

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Rökrætt um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

- Rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- Leyst stærðfræðibrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ábreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn.
- Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með ábreifanlegum gögnum.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.
- Séð möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Tölur og reikningur

- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með tölvuforritum.

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Algebra

- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá tengsl eins og jöfnuð og röð.
- Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. Með því að nota ábreifanlega hluti.

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. Um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Unnið með mælikvarða og lögun.

Heiðarskóli stærðfræði 10. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Námsefni:

Skali 3A og 3B, unnið samkvæmt lotukerfi í 6 lotum

Rasmus.is - námsvefur í stærðfræði

Kennslumyndbönd á Youtube

Upprifjunarheftin Leikni - Stærðfræði og Leikni - Algebra

Námsmat:

Nemendur vinna í lotukerfi og vinna námsmatsverkefni í lok hverrar af 6 lotum. Því er um símat að ræða. Námsmatsverkefnin eru metin út frá matsviðmiðum Aðalnámskrár (þeirra sem við á hverju sinni) og fyllt er inn í hæfnikort nemenda.

Danska

Námsmarkmið:

Hlustun:

Að nemandi geti vandkvæðalaust fylgst með mismunandi efni í fjöl- og myndmiðlum og sagt frá því og unnið með það.

Ritun:

Að nemandi geti:

- skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og skilið það sem um ræðir.
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- nýtt sér sköpunargáfuna, ímyndunaraflíð og leikið sér með málið.

Námshæfni:

Að nemandi geti:

- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og notað í nýju samhengi.
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki t.d. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Frásögn:

Að nemandi geti:

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem honum er kunnugt og geti beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
- sami, æft og flutt eigið efni t.d. atriði, kynningar eða frásagnir.

Námsefni:

Tak les- vinnubók og hlustunarefni.

Danski sjónvarpsþátturinn The Rain

Auk annara verkefna frá kennara

Námsmat:

Verkefni og kannanir auk ástundun annarinnar eru metin.

Lífsleikni

Lífsleikni tilheyrir undir samfélagsfræði og gegnir mikilvægu hlutverki við að styrkja á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim þeirra. Náms- og starfsfræðsla fellur undir lífsleikni.

Námsmarkmið:

Að nemandi geti

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspökkingar.
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
- tileinkað sér leiðir til að stjórna lífi sínu, námi og störfum á sem áhrifaríkastan hátt.
- kynnist þeim náms- og starfsmöguleikum sem þeim standa til boða.
- eflist við að taka ákvarðanir sem byggjast á sjálfspökkingu og sjálfstæði.
- Fræðist um kynbundið náms- og starfsval.

Námsefni:

Stefnan sett, Margt er um að velja, Námstækni, Watch verkefnahefti, fræðslumyndbönd, Hugarfrelsi, Veldu ofl.

Námsmat:

Verkefniavinna gildir 70%

Vinnubrögð, vinnusemi og jákvæð samskipti í tímum 30%

Skólaípróttir

Ípróttir og sund

Nemendur fara 2 kennslustundir á viku í ípróttir og eina í sund.

Námsmarkmið:

- Að nemendur efli líkamshreysti og þrek með styrkjandi, liðkandi og úthaldsaukandi æfingum.
- Að nemendur bæti við sig færni hinna ýmissa ípróttagreina.
- Að hver nemandi fái að njóta sín í þátttöku hinna ýmsu leikja og ípróttar.
- Að nemendum líði vel í ípróttatíma og fái að kynnast því að hreyfing er góð og skemmtileg. Öðlist jákvætt viðhorf til ípróttaiðkunar.
- Að nemandi tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru og geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni.
- Að nemendur efli á markvissan hátt líkamshreysti og þrek.
- Að nemendur leggi sig fram og taki þátt í þeim æfingum sem verið er að gera.
- Að nemendur læri að sýna öðrum virðingu og umburðarlyndi.

Námsefni/námsleiðir:

Kennsla fer fram í gegnum ýmsar æfingar og leiki, þar sem ýmisst er unnið í einstaklings- og/eða hópæfingum. Hausti og vor eru góðir dagar nýttir til útináms í umhverfi skólans, en yfir kaldasta tímann er kennt í ípróttasal Heiðaborgar.

Meðal viðfangsefna í ípróttatímum eru stöðvabjálfun, leikir úti/inni, þol - og þrekæfingar, boltaæfingar/leikir, skotboltaleikir, styrktaræfingar, samvinnuleikir, ýmsar ípróttagreinar – grunnatriði reglna og spil.

Sundkennsla fer fram allan veturinn, en gerð er krafa um 10 tíma lágmarkspátttöku á hvorri önn til að nemandi standist kröfur. Áhersla er á markvissa kennslu í grunnatriðum sundaðferða, þolþjálfun og leiki.

Námsmat:

Símat, leiðsagnarmat í desember/janúar og lokamat að vori sem tekur mið af virkni í tímum, færni, viðhorfi og hegðun. Gefið er í bókstöfum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Námsmarkmið:

Námsefni:

Námsmat:

Listgreinar

Myndmennt 8. og 9. bekk

Námsmarkmið:

- Sjálfstæð vinna frá hugmynd að lokaafurð.
- Nemandi skal geta hagnýtt sér þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.
- 8.b. Áhersla á fjarviddarteikningu, fræg listaverk sem innspýting í eigin listsköpun.
- 9.b. Áhersla á listaverk unnum út frá frægum listaverkum, ljósmyndaverkefni, mótun með t.d. leir, gifsí eða veggfóðurslími og dagblöðum.

Námsefni:

Myndmennt 1 og 2 og veraldarvefurinn. Efni og áhöld í myndmenntastofunni. Verkefni unnin með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

Námsmat:

Símat í tímum. Áhugi, vandvirkni, frumkvæði og frágangur. Sýna frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.

Verkgreinar

Hönnun og smíði 8. og 9. bekk

Námsmarkmið:

- Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, útlit og nýtingu.
- Teikna þrívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Áhersla á flóknari samsetningu og notagilti.
- Nota þau tæki og tól sem smíðastofan hefur uppá að bjóða

Námsefni:

Bækur um hönnun og smíði og veraldarvefurinn.

Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

Námsmat:

Símat í tímum: Vinnusemi, vandvirkni, sýna sjálfstæða hugsun og vinnubrögð. Sýna góða framkomu og umgengi.

Valgreinar

Hreysti og boltaval

Námsmarkmið:

Að nemendur:

- Þjálfu upp gott grunnþol.
- Læri rétta líkamsbeitingu í tækjasal.
- Bæti færni fyrir skólahreysti.
- Öðlist dýpri skilning á boltagreinum.
- Kynnist undirstöðuatríðum og taki þátt í verklegum æfingum sem ná til tækni, þrek og leikfræði þjálfunar.
- Læri undirstöðuatríði liðssamvinnu og geti útfært í æfingum og leik.
- Læri helstu leikreglur í hverri íþróttagrein.
- Fáir tækifæri til þess að dæma knattleiki.
- Fáir grunnþekkingu á uppbyggingu þjálfunar í hverri boltagrein.
- Skipuleggi, búi til og kynni tímaseðil sem inniheldur æfingar fyrir ákveðin tækniatriði í a.m.k. einni boltagrein.

Námsefni:

Notast er við flóknari útfærslur á æfingum og leikjum. Unnið er í einstaklings- og hópæfingum. Við stefnum að því að blanda saman ýmsum hreystiæfingum og boltagreinum og þurfa nemendur að vera tilbúnir í að hreyfa sig og læra nýja hluti. Hver tími er 80 mín. Miðað er við að vera c.a. 30 - 40 mín, í þrek- og hreystiæfingum og c.a. 30 - 40 mín. í boltaleikjum. Kennslan fer bæði fram innanhús og utan. Nemendur þurfa að leysa verkefni sem tengjast upphitun, teygjum, þol og styrktarþjálfun og fer sú verkefnavinna fram í tímum.

Námsmat:

Símat í formi umsagnar sem tekur mið af virkni, hegðun, áhuga og félagslegri færni.

Þrepamarkmið:

- Að nemandi leggi sig fram og taki þátt í þeim æfingum sem verið er að gera.
- Að nemandi læri að sýna öðrum virðingu og umburðalyndi.
- Að nemandi sýni áhuga á viðfangsefni í kennslustundum.